



Kantötur Bachs


Kammerkór Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 11. febrúar 2023, klukkan 16:00

Stjórnandi: Friðrik Vignir Stefánsson

Einsöngvarar: Bernadett Hegyi, Freydís Þrastardóttir, Ólafur Freyr Birkisson, Ólöf Ingólfssdóttir, Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir og Þorsteinn Freyr Sigurðsson



Ekki eru seldir aðgöngumiðar að tónleikunum,
en gestir eru hvattir til að styðja við starf hljómsveitar og kórs
með frjálsum framlögum inn á reikning **0137 05 18182, kt. 470497 2469**
Eða bara í hattinn við innganginn.

Efnisskrá:

J. S. Bach: Kantata nr. 137, Lobe den Herren, den mächtigen König der Ehren

1. Kór: Lobe den Herren, den mächtigen König der Ehren
2. Aría, alt (FP): Lobe den Herren, der alles so herrlich regieret
3. Aría, dúett (RDP, ÓFB): Lobe den Herren, der künstlich und fein dich bereitet
4. Aría, tenór (PFS): Lobe den Herren, der deinen Stand sichtbar gesegnet
5. Kóral: Lobe den Herren, was in mir ist, lobe den Namen!

J. S. Bach: Kantata nr. 30, Freue dich, erlöste Schar

Parte Prima

1. Kór: Freue dich, erlöste Schaar
2. Söngles, bassi (ÓFB): Wir haben Rast
3. Aría, bassi (ÓFB): Gelobet sei Gott, gelobet sein Name
4. Söngles, alt (ÓI): Der Herold kömmt und meldt den König an
5. Aría, alt (ÓI): Kommt, ihr angefochtenen Sünder
6. Kóral: Eine Stimme lässt sich hören

Parte Secunda

7. Söngles, bassi (ÓFB): So bist du denn, mein Heil, bedacht
8. Aría, bassi (ÓFB): Ich will nun hassen
9. Söngles, sópran (BH): Und obwohl sonst der Unbestand
10. Aría, sópran (BH): Eilt, ihr Stunden, kommt herbei
11. Söngles, tenór (PFS): Geduld, der angenehme Tag
12. Kóral: Freue dich, geheiligte Schaar

UM VERKIN OG FLYTJENDUR

Kantötur Johanns Sebastians Bachs eru einn af fjársjóðum tónlistarsögunnar. Hann samdi allt að tvö hundruð slík verk á ferli sínum. Kantötuformið var talsvert notað í tónsmíðum barokktímabilsins. Formið er sveigjanlegt. Kantata samanstendur venjulega af nokkrum köflum, oft kórköflum, nokkrum einsöngsköflum, eða aríum, og sönglesi á milli til að koma að frásögn eða boðskap. Kantötum Bachs má skipta í tvo flokka, annars vegar kirkjukantötur trúarlegs eðlis, og hins vegar veraldlegar kantötur, sumar jafnvel hálfgerð grínverk. Flestar kirkjukantötur voru samdar þegar Bach var kantor í Tómasarkirkjunni í Leipzig 1723-1750 en þá var það hluti af starfsskyldunum að semja og flytja nýja kantötu í hverjum mánuði. Það er því ekki að undra að stundum voru einstakir kaflar eða hlutar eldri verka endurunnir og nýttir í nýjum verkum. Báðar kantötur sem flutta verða á tónleikum okkar að þessu sinni eru kirkjukantötur. Kantatan númer 137 var samin árið 1725 fyrir flutning tólfta sunnudag eftir trínítatis. Textinn er óbreyttur sálmur eftir Joachim Neander. Kantatan númer 30 var samin til flutnings á Jónsmessunni, afmælisdegi Jóhannesar skírara, 24. júní 1738. Hún er í tveimur hlutum, til flutnings fyrir og eftir predikun. Hún byggir að verulegu leyti á eldri

kantötu af veraldlegum toga sem samin var til að fagna bústaðaskiptum aðalsmanns nokkurs. Söngleskaflarnir voru þó samdir upp á nýtt. Kóralkaflinn númer 6 er gott dæmi um endurnýtingu. Bach notaði þetta sálmalag að minnsta kosti átta sinnum í verkum sínum, með breytilegri hljómsetningu.



Friðrik Vignir Stefánsson er organisti og tónlistarstjóri Seltjarnarneskirkju. Hann var fæddur og uppalinn á Akranesi og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum þar. Hann lauk kantors- og einleikarprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar þar sem kennarar hans voru m.a. Haukur Guðlaugsson, Fríða Lárusdóttir og Hörður Áskelsson. Á árunum 1988-2005 var Friðrik organisti og kórstjóri við Grundarfjarðarkirkju sem og skólastjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Veturinn 2005-2006 sótti Friðrik nám í Danmörku í orgelleik og kórstjórn. Hann var fyrsti organisti Hjallasóknar í Kópavogi. Haustið 2007 hóf hann störf við Seltjarnarneskirkju sem tónlistarstjóri og stjórnandi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju. Síðustu árin hefur hann haldið fjölda orgeltónleika, bæði hérlendis og erlendis, auk þess að sækja námskeið víða um lönd.



Bernadett Hegyi er söngkona frá Búdapest, Ungverjalandi. Hún býr í Hafnarfirði og hefur búið þar með fjölskyldu sinni síðan 2020. Bernadett hóf tónlistarnám sitt sem fiðluleikari í Búdapest, en hélt áfram með söngnám við Weiner Leó Kónservatoriúm og síðar við háskólann í Pécs. Árið 2016 lauk hún “Master of Classical Singing” frá Royal Conservatoire í Den Haag. Hún lærði hjá Éva Lax, Marianna Váradi, Rita Dams, Andrew Schroeder og Sasja Hunnago. Hér á landi hefur hún sótt söngtíma hjá Hreini Líndal. Hún hefur einnig tekið þátt í Masterclass með Elly Ameling, Claron McFadden, Ami Shamir og Kenneth Montgomery. Bernadett er fjölhæf söngkona. Þó ferill hennar einkennist af klassískri tónlist á hún einnig að baki fjölbreyttan feril í nútíma

tónlist t.d. jazz. Hún hefur sungið víða um Evrópu, á Norðurlöndunum og á Íslandi. Meðal annars hefur hún sungið í Jóhannespassíunni eftir Bach, Messías eftir Händel, Petite messe solennelle eftir Rossini, C-dúr messum Schuberts og Beethovens, Carmina Burana eftir Carl Orff og Exsultate Jubilate eftir Mozart. Hún hefur sungið á tónleikum með hljómsveitarstjórum eins og Pietro Rizzo, Michal Alber, Peter van Heyghen, Hernán Schvartzmann, Daan Admiraal, Rob Vermeulen, Márton Wirth og Gunnsteini Ólafssyni. Á Íslandi hefur Bernadett sungið með Geiri Ólafssyni á jólatónleikum hans, “Las Vegas Christmas Show”, 2 ár í röð, á Galatónleikum Ungverska sendiráðsins í Reykjavík, ásamt á fjölda minniháttar tónleikum og uppákomum. Bernadett syngur einnig með fyrirtækinu Opera2gether sem kynnir óperu og klassíska tónlist fyrir áhorfendum með ýmsum uppákomum t.d. í þöglu kvikmyndasýningunni um Madama Butterfly þar sem hún syngur titilhlutverkið, og einnig grín operettan “Sorry for your evening”. Nú vinnur hún með kór Íslensku Óperunnar og næst á dagskrá hjá henni er hlutverkið Cugina í Madama Butterfly eftir Puccini.



Freydís Prastardóttir hóf söngnám ung að aldri hjá Margréti Stefánsdóttur í Tónlistarskóla Árnesinga. Á árunum 2013 – 2018 stundaði hún nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík undir leiðsögn Hlínar Pétursóttur Behrens. Freydís hefur sungið fjölda óperuhlutverka í óperum eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Hún var einn af stofnendum og meðlimum söngoktettsins Fjárlaganefnd, hefur komið fram á bæjarhátíðum, Óperudögum í Reykjavík og Nordic music days svo eitthvað sé nefnt.



Ólafur Freyr Birkisson bass-barítón nemur söng við Listaháskóla Íslands hjá Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristni Sigmundssyni og Dísellu Lárusdóttur. Hann hefur einnig sótt tíma á vegum LHÍ hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Stuart Skelton. Áður nam hann við Söngskólann í Reykjavík hjá Agli Árna Pálssyni og



Hrönn Þráinsdóttur. Ólafur hefur sótt og sungið á masterklössum t.a.m. hjá Roland Schubert bassasöngvara og Stuart Skelton tenór. Schubert er prófessor við Felix Mendelsohn Bartholdy í Leipzig. Ólafur hefur farið með ýmis hlutverk á sviði. Þar má helst nefna hlutverk Dantes í verðlaunaóperunni Ekkert er sorglegra en manneskjan eftir Friðrik Margrétar-Guðmundsson og Adolf Smára Unnarsson, Vigfús í ævintýraóperunni Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Gísli í nútímaóperunni Raven's Kiss eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson og Tevye í söngleiknum Fiðlarinn á þakinu undir leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur og Chantelle Carey. Ólafur hefur komið fram sem einsöngvari með Kór Langholtskirkju, þ.á.m. í Requiem eftir Fauré og í mars 2021 fór hann með hlutverk Pílatúsar í flutningi kórsins á Jóhannesarpassíu J.S. Bach undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Þá var Ólafur flytjandi á kammer-tónlistahátíðinni Seiglu sem haldin var í Hörpu á vegum Schumann-félagsins, sumarið 2022.

Ólöf Ingólfsdóttir, mezzósópran, lauk burtfararprófi frá Söngskóla Sigurðar Demetz í janúar 2021. Útskriftartónleikarnir höfðu yfirskriftina *Allir gráta*, enda tengdust öll verkin á efnisskránni tárur með einum eða öðrum hætti. Í maí 2022 hélt hún einsöngstónleikana *Mildin mjúka* í Breiðholtskirkju ásamt strengjakvartett og organista. Á dagskrá voru barokkverk tengd fæðingu, dauða og upprisu Krists, frá sjónarhóli Maríu Guðsmóður. Ólöf hefur sungið með Kammerkór Seltjarnarneskirkju undanfarin ár, en áður söng hún með kórnum Vox feminae og Ægisif.



Ragnildur Dóra Þórhallsdóttir lauk burtfararprófi í söng frá söngskóla Sigurðar Demetz þar sem kennarar hennar voru Kristín Ragnildur Sigurðardóttir og Auður Gunnarsdóttir. Síðan þá hefur hún verið í söngtímum og sótt masterklassa m.a. hjá Laufeyju Helgu Geirsdóttur og Jóni Þorsteinssyni. Ragnildur æfði tónlist undir handleiðslu og við undirleik Gerrits Schuil í mörg ár þar til hann lést í september 2019. Ragnildur hefur sungið einsöng við ýmis tækifæri og haldið reglulega tónleika og m.a. flutt með hljómsveit lög sem móðir hennar Adda Örnólfs gerði fræg. Ragnildur syngur með Kammerkór- og útfararkór Seltjarnarneskirkju og kór Neskirkju.



Þorsteinn Freyr Sigurðsson hóf söngnám árið 2005 hjá Elísabetu Erlingsdóttir við Tónskóla Reykjavíkur. Frá 2007 til 2010 hélt hann námi sínu áfram með Elísabetu en í þetta sinn við Listaháskóla Íslands.

Hann lauk mastersgráðu í söng árið 2013 við Hanns Eisler í Berlín undir handleiðslu Prof. Scot Weir og eftir útskrift með Prof. Janet Williams, Jóni Þorsteinssyni og Hlín Pétursdóttur Behrens. Árið 2014 hóf Þorsteinn störf við Óperuhúsið Theater Ulm í Suður-Þýskalandi til ársins 2017 þar sem Þorsteinn söng fjölmörg aðalhlutverk við óperuhúsið í Ulm. Þorsteinn hefur einnig mikla reynslu af ljóðasöng og hefur komið fram á tónleikum í Þýskalandi sem og á Íslandi. Þorsteinn flutti aftur til Íslands árið 2017 þar sem hann söng hlutverk Spoletta í Tosca e. G. Puccini í uppfærslu íslensku óperunnar síðar sama ár. Síðan Þorsteinn flutti til Íslands hefir hann einni tekið til starfa við ýmis verkefni og störf í kórstjórn, söngkennslu og útsetningum fyrir kóra og sönghópa. Þorsteinn syngur með Voces Mascolorum, Kyrju og Schola Cantorum ásamt fleirum. Þorsteinn stjórnar Drengjakór Reykjavíkur auk barnakórs Seltjarnarneskirkju en einnig raddþjálfar hann kóra og sönghópa.



Kammerkór Seltjarnarneskirkju var stofnaður árið 1994 af þáverandi organista kirkjunnar, Vieru Mansek. Kórinn syngur reglulega við kirkjulegar athafnir en auk þess heldur hann tónleika að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Meðal verka sem kórinn hefur flutt á undanförunum árum má nefna Missa Brevis eftir Jakob de Haan, Beatus vir eftir Monteverdi, Magnificat og Beatur vir eftir Vivaldi, kantötur eftir Bach, Magnificat op. 69 eftir Mendelssohn, Missa Pastorialis eftir Brixit, Salve Regina og Ave Maria eftir Egil Gunnarsson. Einsöngvarar í þessum verkum koma yfirleitt úr röðum kórfélaga enda eiga margir þeirra að baki margra ára nám í söng.

Að þessu sinni syngja eftirfarandi félagar:

Sópran:

Bernadett Hegyi
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir
Guðrún Lóa Jónsdóttir
María Konráðsdóttir
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir
Salka Rún Sigurðardóttir

Alt:

Ágústa Jónsdóttir
Freydís Þrastardóttir
Halldóra Eyjólfsdóttir
Ólöf Ingólfssdóttir
Sigbrúður Erla Arnardóttir
Þóra H. Passauer

Tenór:

Ólafur Guðmundsson
Siggeir Siggeirsson
Svanur Valgeirsson
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Bassi:

Gautur Gunnlaugsson
Ingólfur Helgason
Olgeir Helgason
Þorsteinn Þorsteinsson
Þórir Már Einarsson

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Hljómsveitin

hefur oft áður átt samvinnu við Kammerkór Seltjarnarneskirkju enda eru báðir hóparnir til heimilis í Seltjarnarneskirkju og hæg heimatökin.

Að þessu sinni leika eftirfarandi félagar:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir. Stjórnandi á æfingum: Oliver Kentish

1.fíðla

Helga R. Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Vera Steinsen
Yasney Rojano Cruz
Jelena Kuzminova
Védís Ylfa Wilkins
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Ágústa Jónsdóttir

2.fíðla

Drífa Örvarsdóttir
Rannveig Anna
Guðmundsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg N. Ingvarsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Helga Andrésdóttir

Víóla

Sigita Siciuniene
Páll Ingvarsson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Selló

Valdís G. Gregory
Mark van Rhijn
Páll Einarsson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Ástaróbó

Guðrún Másdóttir

Trompet

Steinar Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson
Árni Daníel Árnason

Orgel

Pétur Nói Stefánsson

Pákur

Frank Aarnink

KANTATA NR. 137 TEXTI:

1. Kór

Lobe den Herren, den mächtigen König der Ehren,
Meine geliebete Seele, das ist mein Begehren.
Kommet zu Hauf,
Psalter und Harfen, wacht auf!
Lasset die Musicam hören.

2. Aría, alt

Lobe den Herren, der alles so herrlich regieret,
Der dich auf Adellers Fittichen sicher geführet,
Der dich erhält,
Wie es dir selber gefällt;
Hast du nicht dieses verspüret?

3. Aría, dúett

Lobe den Herren, der künstlich und fein dich bereitet,
Der dir Gesundheit verliehen, dich freundlich geleitet;
In wieviel Not

Hat nicht der gnädige Gott
Über dir Flügel gebreitet!

4. *Ária, tenór*

Lobe den Herren, der deinen Stand sichtbar gesegnet,
Der aus dem Himmel mit Strömen der Liebe geregnet;
Denke dran,
Was der Allmächtige kann,
Der dir mit Liebe begegnet.

5. *Kóral*

Lobe den Herren, was in mir ist, lobe den Namen!
Alles, was Odem hat, lobe mit Abrahams Samen!
Er ist dein Licht,
Seele, vergiss es ja nicht;
Lobende, schließe mit Amen!

KANTATA NR. 30. TEXTI:

1. *Kór*

Freue dich, erlöste Schar,
freue dich in Sions Hütten!
Dein Gedeihen hat itzund
einen rechten festen Grund,
dich mit Wohl zu überschütten.
Freue dich, erlöste Schar,
freue dich in Sions Hütten!
Dein Gedeihen hat itzund
einen rechten festen Grund,
dich mit Wohl zu überschütten.

2. *Söngles, bassi*

Wir haben Rast,
und des Gesetzes Last
ist abgetan.
Nichts soll uns diese Ruhe stören,
die unsre liebe Väter oft
gewünscht, verlangt und gehofft.
Wohlan, es freue sich, wer immer kann,
und stimme seinem Gott zu Ehren
ein Loblied an,
und das im höhern Chor,
ja, singt einander vor!

3. *Aria, bassi*

Gelobet sei Gott, gelobet sein Name,
der treulich gehalten Versprechen und Eid!

Sein treuer Diener ist geboren,
der längstens darzu auserkoren,
daß er den Weg dem Herrn bereit'.

4. *Söngles, alt*
Der Herold kömmt und meldt den König an,
er ruft; drum säumet nicht,
und macht euch auf
mit einem schnellen Lauf,
eilt dieser Stimme nach!
Sie zeigt den Weg, sie zeigt das Licht,
wodurch wir jene selge Auen
dereinst gewißlich können schauen.
5. *Aria, alt*
Kommt, ihr angefochten Sündler,
eilt und lauft, ihr Adamskinder,
euer Heiland ruft und schreit!
Kommet, ihr verirrt Schafe,
stehet auf vom Sündenschlafe,
denn itzt ist die Gnadenzeit!
6. *Kóral*
Eine Stimme läßt sich hören
in der Wüsten weit und breit,
alle Menschen zu bekehren:
Macht dem Herrn den Weg bereit,
machtet Gott ein ebne Bahn,
alle Welt soll heben an,
alle Täler zu erhöhen,
daß die Berge niedrig stehen.
7. *Söngles, bassi*
So bist du denn, mein Heil, bedacht,
den Bund, den du gemacht
mit unsern Vätern, treu zu halten
und in Genaden über uns zu walten;
drum will ich mich mit allem Fleiß
dahin bestreben,
dir, treuer Gott, auf dein Geheiß
in Heiligkeit und Gottesfurcht zu leben.
8. *Aria, bassi*
Ich will nun hassen
und alles lassen,
was dir, mein Gott, zuwider ist.
Ich will dich nicht betrüben,
hingegen herzlich lieben,
weil du mir so genädig bist.

9. *Söngles, sópran*

Und ob wohl sonst der Unbestand
den schwachen Menschen ist verwandt,
so sie hiermit doch zugesagt:
So oft die Morgenröte tagt,
so lang ein Tag den andern folgen läßt,
so lange will ich steif und fest,
mein Gott, durch deinen Geist
dir ganz und gar zu Ehren leben.
Dich soll sowohl mein Herz als Mund
nach dem mit dir gemachten Bund
mit wohlverdientem Lob erheben.

10. *Aria, sópran*

Eilt, ihr Stunden, kommt herbei,
bringt mich bald in jene Auen!
Ich will mit der heiligen Schar
meinem Gott ein' Dankaltar
in den Hütten Kedar bauen,
bis ich ewig dankbar sei.

11. *Söngles, tenór*

Geduld, der angenehme Tag
kann nicht mehr weit und lange sein,
da du von aller Plag
der Unvollkommenheit der Erden,
die dich, mein Herz, gefangen hält,
vollkommen wirst befreiet werden.
Der Wunsch trifft endlich ein,
da du mit den erlösten Seelen
in der Vollkommenheit
von diesem Tod des Leibes bist befreit,
da wird dich keine Not mehr quälen.

12. *Kór*

Freue dich, geheiligte Schar,
freue dich in Sions Auen!
Deiner Freude Herrlichkeit,
deiner Selbstzufriedenheit
wird die Zeit kein Ende schauen.
Freue dich, geheiligte Schar,
freue dich in Sions Auen!
Deiner Freude Herrlichkeit,
deiner Selbstzufriedenheit
wird die Zeit kein Ende schauen.